



Couverture

★ ÖIS ALYH ★

POSEIDON SLYSIÐ

(The Poseidon Adventure)

Geysispennandi og viðfræg bandarísk verðlaunamynd frá 20th Century Fox, gerð eftir samnefndri metsölibók eftir PAUL GALLICO.

Leikstjóri: **Ronald Neame**

Framleiðandi: **Irwin Allen**

Kvikmyndahandrit: **Stirling Silliphant** og **Wendell Meyers**

Kvikmyndun: **Harold E. Stine A.S.C.**

Klipping: **Harold F. Kress**

Tónlist: **John Williams**

„The Morning After“ texti og lag eftir **Al Kasha** og **Joel Hirschhorn**

HLUTVERKASKRÁ:

Sira Scott	Gene Hackman
Rogo	Ernest Borgnine
Martin	Red Buttons
Nonnie	Carol Lynley
Acres	Roddy McDowall
Linda Rogo	Stella Stevens
Belle Rosen	Shelley Winters
Manny Rosen	Jack Albertson
Susan	Pamela Sue Martin
Skipsprestur	Arthur O'Connell
Robin	Eric Shea
og	
Skipstjórinn	Leslie Nielsen

S Ö G U P R Á Æ U R I N N

Mynd þessi gerist öll um borð í gömlu lúxusfarþegaskipi S/s Poseidon, en nafnið er dregið af gríska sjávarguðinum. Poseidon er áttatíu og eitt þúsund lesta skip, og er með fjórtán hundruð farþega. Skipið er í sinni síðustu ferð frá New York til Aþenu, eftir langan og glæsilegan feril sem „Drottning úthafsins“, en svo var það jafnan kallað.

Hinum nýju eigendum skipsins, en fulltrúi þeirra er um borð, er það mikið kappsmál að komast sem fyrst á áfangastað, þar sem búið er að selja skipið í brotajárn. Þess vegna þvinga þeir skipstjórann til að sigla á fullri ferð, þótt það sé að hans áliti hættulegt, þar sem ekki er næg ballest í skipinu.

Gamlársdagur rennur upp og skipið nálgast Kít. Allflestir farþegarnir klæða sig í sparifótin til þess að taka þátt í nýársfagnaðinum, sem halda á í aðalborðsal skipsins.

Þegar gleðskapurinn stendur sem hæst, berst skeyti frá Aþenu. „Neðansjávarskjálfti 130 mílur norðvestur af Kít, 7,8 stig á Richter skala, lengd 42 sekúndur, ca. 30 metra há flóðbylgja úr norðaustri.“ Skipstjórinn hefur rétt tíma til að láta senda út neyðarkall áður en flóðbylgjan riður yfir og allir sem í brúnni eru farast. Skipið hallast ógurlega og eftir nokkrar sekúndur hvolfir því.

Ósköpin dundu svo snögglega yfir að enginn gat gert neinar ráðstafanir til þess að bjarga sér. Margt fólk, sem hélt sér í hin gólföstu borð hangir nú, eftir að skipið snerist við, hátt uppi í lofti, og þegar það getur ekki haldið sér lengur, hrapar það niður og deyr.

Algjör ringulreið ríkir í stóra borðsalnum, en fljótlega tekur prestur nokkur, Scott að nafni, að sér stjórnina og reynir að sannfæra fólknið að helsta von um björgun sé að reyna að komast upp í botn skipsins. Flestir farþeganna kjósa samt að vera kyrrir í salnum í þeirri von að hjálp berist, því enn er ekki sjór kominn í þennan hluta skipsins.



Scott fær aðeins með sér níu manns og skömmu eftir að þau komast upp úr borðsalnum, gefa vatns-held skilrúm sig, sjórinn fossar inn og flestir drukkna.

Það sem á eftir skeður er lýsing á baráttu þeirra níu manna og kvenna, sem ákváðu að fylgja Scott, en þau eru meðal annarra Manny og Belle Rosen, miðaldra hjón á leið til Ísrael til þess að heimsækja eina barnabarn sitt, — lögreglumaðurinn Rogo ásamt konu sinni Lindu, en þau eru á brúðkaupsferð, Linda er fyrrverandi vændiskona og lifir í sífelldum ótta við að hitta gamla viðskiptavini sína, — Susan og litli bróðir hennar Robin, sem er framúrskarandi duglegur eftir aldri, — söngkonan Nonnie, en bróðir hennar Teddy hafði farist í borðsalnum, — kaupmaðurinn Martin og að lokum þjónninn Acres, sem, þrátt fyrir að vera mikið særður á fæti, ákvað að fara með Scott og vísa þeim leiðina um skipið.

Nú hefst barátta milli lífs og dauða, í gegnum öld, reyk og olíumengaðan sjó. Margar sprengingar verða í skipinu og tefur það ferð þeirra. Einnig týna sumir lífinu. En kraftaverkið skeður, með þrautseigju og elju komast þau sem eftir lifa að lokum upp að kili skipsins þar sem þeim er bjargað.